

Fjölbrautaskólinn við Ármúla (FÁ), kt. 590182-0959 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:

1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig FÁ uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

2. Hlutverk og megináherslur

FÁ er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FÁ þjóna því.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur sett sér metnaðarfulla menntastefnu. Stefnan er aðgengileg inn á <http://www.fa.is/nam/nynamskra/menntastefna/>.

Meginhlutverk Fjölbrautaskólans við Ármúla er að undirbúa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, efla læsi þeirra í víðasta skilningi þess orðs, hafa lýðræði að leiðarljósi, jafnréttishugsjón, menntun til sjálfbærni og sköpunaranda. Til þess að rækta þetta hlutverk er lögð áhersla á faglega þætti skólastarfsins, s.s. fjölbreytta kennsluhætti og námsmat, örvandi námsumhverfi og góða aðstöðu, fjölbreytt námsframboð, o.fl.

Menntastefnan er lýsandi í þeim skilningi að þar er lögð áhersla á þá þætti sem standa upp úr í skólastarfinu og þjóna hagsmunum nemenda og starfsfólks sem best.

Stjórnskipan

Stjórnskipan skólans er í sífelldri þróun en er skipt í þrjár meginstoðir, þ.e. skólastjórn og kennslu- og þjónustusvið. Skipurit skólans er hægt að skoða inn á http://www.fa.is/ritstjorn/namskra/nynamskra/almennur_hluti/Starfsemi/skipurit_FA.pdf. Starfslýsingar eru aðgengilegar inn á <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/starfslýsingar/>. Skólinn hefur sett sér metnaðarfulla starfsmannaáætlun sem er fylgt við nýráðningar og verkefnastjórnun, sjá nánar inn á <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/starfsmannaaaetlun/>.

3. Viðfangsefni

FÁ stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

a. Skólanámskrá og námsframboð

Almennur hluti skólanámskrár er birtur á heimasíðu skólans, sjá <http://www.fa.is/nam/nynamskra/>. Almennur hluti námskrár tók gildi 2. nóvember 2012. Almennur hluti skólanámskrár skiptist í eftirfarandi kafla: Inngang, menntastefnu, starfssemi/starfsáætlun, umgjörð skólastarfsins, mat og úttektir, þjónusta við nemendur, húsnaði og aðstaða, rammar skólastarfsins og skólareglur.

Eftirfarandi námsbrautir eru í boði við skólann:

1. [Almenn námsbraut](#)
2. [Framhaldsskólabraut](#)
3. [Félagsfræðabraut](#)
4. [Hugvísindabraut](#)
5. [Náttúrufræðibraut](#)
6. [Viðskipta- og hagfræðibraut](#)
7. [Viðbótarnám til stúdentsprófs](#)
8. [Sjúkraliðabraut](#)
9. [Framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun](#)
10. [Lyfjateknabraut](#)
11. [Framhaldsnám lyfjatekna](#)
12. [Tannteknabraut](#)
13. [Læknaritarabraut](#)
14. [Heilbrigðisritarabraut](#)
15. [Nám í fóttaðgerðafræði](#)
16. [Námsbraut fyrir heilsunuddara](#)
17. [Sérnámsbraut](#)

b. Námsbrautir

Stefnt er að því að kenna á öllum námsbrautum samkvæmt nýrri aðalnámskrá haustið 2015. Nánari útfærsla er í viðauka samnings.

c. Skólabragur

Regluverk skólans er í stöðugri endurskoðun til þess að falla betur að því námi sem er í boði en jafnframt þjóna hagsmunum nemenda betur.

Í almennum hluta aðalnámskrár skólans, undir skólareglur, er regluverk skólans aðgengilegt. Það skiptist í fjóra hluta, þ.e. [Hegðun og umgengni](#), [skólasókn](#), [prófareglur](#) og [skemmtanir og ferðalög á vegum skólans](#).

Rík áhersla er lögð á foreldrasamstarf en við skólann starfar foreldrafélag sem fundar með stjórnendum um skólastarfið, heldur aðalfund og býður jafnframt upp á fræðslufund fyrir foreldra. Sjá nánar inn á

<http://www.fa.is/nam/nynamskra/rammar/foreldrar/>.

[Skólanefnd](#) fundar að jafnaði tvisvar sinnum á hverri önn og eru nýrri fundargerðir aðgengilegar á vef skólans.

Við skólann starfar jafnréttisfulltrúi sem heldur utan um jafnréttisáætlun skólans. Á heimasíðu skólans er „[Jafnréttissíða](#)“ þar sem finna má [jafnréttisáætlun](#), markmið og leiðir, jafnréttisviðburði, skipulag jafnréttismála og skýrslur um starfið. Jafnréttisfulltrúi kynnir áætlun jafnréttismála árlega á starfsmannafundum en einnig eru jafnréttismál hluti af námi nemenda, t.d. í kynjafræði, félagsfræði, sögu, o.fl. greinum.

[Forvarnir](#) skipa stóran sess í skólastarfi FÁ. Sérstakur forvarnarfulltrúi hefur yfirumsjón með forvarnarstarfinu í samvinnu við skólastjórnendur en forvarnarfulltrúi situr jafnframt í skólaráði. Skólinn tekur þátt í forvarnardegnum en bryddar auk þess upp á ýmsum upptækum á sviði forvarna. Forvarnarfulltrúi er viðstaddur allar samkomur nemendafélagsins og vinnur náið með stjórn þess ásamt félagsmálafulltrúa.

FÁ tekur þátt í verkefninu „[Heilsueflandi framhaldsskóli](#)“. Skólinn rekur sérstaka [lýðheilsustefnu](#) þar sem helstu markmið koma fram. Skólinn var þátttakandi í Lífshlaupi framhaldsskólanna 2012 og starfsmenn hafa á hverju ári tekið þátt í átakinu „Hjólað í vinnuna“. Mikil áhersla er lögð á heilsu og hefur skólinn lagt sérstaka rækt á að bjóða upp á heilsueflandi áfanga fyrir nemendur, t.d. hjólað í skólann, útivist, o.fl.

Við skólann er starfandi [eineltisteymi](#) sem hefur það hlutverk að safna saman upplýsingum, afla sér sérfræðipækkingar og miðla henni áfram og vinna að forvörnum gegn einelti með því að skipuleggja fræðslufundi og kynningar. Teymið vinnur samkvæmt ákveðnu ferli og komi einelti upp fer ákveðin [viðbragðsáætlun](#) af stað.

d. Innritun og brotthvarf

Inntökuskilyrði (innritunarreglur) eru birt í almennum hluta skólanámskrár. Skilyrðin geta verið mismunandi eftir því hvort um sé að ræða bóknámsbraut eða starfsnámsbraut. Sjá nánar inn á:

<http://www.fa.is/nam/nynamskra/umgjord/inntokuskilyrði/>

Í sjálfsmatsskýrslu skólans (<http://www.fa.is/ritstjorn/sjalfsmat/skyrsla2012.pdf>) á blaðsíðu 15 koma fram tölfræðiupplýsingar um brotthvarf úr skóla sem og brottfall úr einstökum áföngum. Í markmiðum skólastarfsins er stefnt á að minnka brotthvarf/brottfall og farið út í að kanna betur hvaða skýringar liggja þar að baki. Samræmdur spurningalisti er lagður fyrir nemendur sem hætta námi og eru niðurstöður notaðar til að greina ástæður brotthvarfs. Mennta- og menningarmálaráðuneyti fær aðgang að upplýsingum er varða ástæður brotthvarfs úr skóla.

e. Kennslufyrirkomulag

Í kafla um umgjörð skólastarfsins er tenging inn á upplýsingar um kennslufyrirkomulag (sjá inn á <http://www.fa.is/nam/kennslufyrirkomulag>).

Kennt er samkvæmt þar tilgerðri stokkatöflu sem er að jafnaði endurskoðuð á 2-3 ára fresti.

f. Nemendur með sérþarfir

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur undanfarin ár boðið upp á sérstakt stoðkerfi fyrir nemendur af erlendum uppruna. Sjá <http://www.fa.is/thjonusta/nybuar/>. Kennslustjóri nýbúa er talsmaður þessa nemendahóps við skólann auk þess sem nemendur hafa sérstaka stoðkennara í greinum tungumála, íslensku og stærðfræði. Skólinn hefur sett sér deilimarkmið og fjölmenningaráætlun sem unnið er eftir. Í gildi er sérstök móttökuáætlun sem unnið er eftir þegar tekið er á móti nýbúum sem hefja nám við skólann.

Við skólann er boðið upp á öflugt stoðkerfi fyrir nemendur sem hafa verið greindir með dyslexíu eða aðra sértæka námsörðugleika. Kennslustjóri dyslexíu er talsmaður lesblindra nemenda við skólann.

Sjá nánar inn á <http://www.fa.is/thjonusta/dyslexia/>.

Markmið þjónustunnar er að styðja við nemendur með lestrar- og skriftarörðugleika og/eða stærðfræðiröskun þannig að þeir geti nýtt hæfileika sína sem best í námi. Einnig styðja við nemendur með dyspraxíu (erfiðleikar með skipulag, áttunar- og tímaskyn). Þessi hópur nemenda fær sérstaka ráðgjöf, aðstoð við heimanám og svo greiningu vegna sérstakra prófúrræða. Í boði eru stuðningsáfangar, t.d. NÁM193 og STU193.

g. Mat og eftirlit með gæðum

Skólinn er með [gæðastefnu](#) og er stefnt að því að taka upp vottað gæðastjórnunarkerfi skv. ISO-staðli. Þróunarstjóri sinnar innra eftirliti og stöðugum umbótum sem eru í gangi hverju sinni.

Skólinn hefur sett sér [sjálfsmatsstefnu](#) sem er hluti af námskrá skólans. Á [sjálfsmatssíðu](#) má m.a. finna [verkáætlun](#), [sjálfsmatsskýrslur](#) síðustu ára og [niðurstöður ytra mats](#). Síðast var gert úttekt á starfsemi skólans fyrir skólaárið 2010/2011 (sjá [úttektarskýrslu](#)).

4. Sérstök rekstrarverkefni

FÁ er ekki með sérstök rekstrarverkefni.

5. Markmið og tímabundin verkefni

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár er sett skipulega fram. Jafnframt er gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann verður endurskoðaður og uppfærður árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

a. Markmið

Markmið FÁ eru leidd af áherslum í starfsemi skólans er hann rækir hlutverk sitt.

b. Tímabundin verkefni

Tímabundin verkefni FÁ styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytisins eða fjárstyrks, skal ganga frá slíku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst.

c. Erlend samstarfsverkefni

Skólinn tekur þátt í alþjóðlegum verkefnum á vegum Menntaáætlunar Nordplus og Menntaáætlunar Evrópusambandsins.

6. Samskipti

Í samræmi við 44. grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur FÁ. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

a. Fjölbrautaskólinn við Ármúla - FÁ

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykkt áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum fráviks og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag

- með tilliti til rauntalna.
- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

7. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2016.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Staður og dagsetning

Mennta- og menningarmálaráðherra

Steinn Jóhannsson, skólameistari